

2005

Ársskýrsla 2005



Ársskýrsla

Lífeyrissjóðs Norðurlands

2005

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Ársreikningur	15
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	16
Áritun endurskoðenda	17
Áritun tryggingastærðfræðings	18
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	19
Efnahagsreikningur	20
Sjóðstreymi	21
Tryggingadeild - Yfirlit um breytingar á hreinni eign	22
Tryggingadeild - Efnahagsreikningur	23
Tryggingadeild - Yfirlit um sjóðstreymi	24
Séreignardeild - Yfirlit um breytingar á hreinni eign	25
Séreignardeild - Efnahagsreikningur	26
Séreignardeild - Yfirlit um sjóðstreymi	27
Reikningsskilaaðferðir	28
Skýringar	29-38
Kennitölur	39-40
Annual Report 2004	41
Board of Director's and Manager's Report	43
Auditor's Report	44
Statement of Changes in Net Assets for Pension Payments	45
Balance Sheet	46
Statement of Cash Flows	47
Financial indicators	48

Útlitshönnun: Sumarliði Einar Daðason

Prentvinnsla: Ásprent ehf.

Lífeyrissjóður Norðurlands
Kennitala: 601092-2559
Strandgata 3 · 600 Akureyri

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Inngangur

Rekstur Lífeyrissjóðs Norðurlands gekk að öllu leyti vel á árinu 2005. Ávöxtun sjóðsins var sú önnur besta frá stofnun, sem má fyrst og fremst rekja til mikilla hækkana á innlendum hlutabréfamarkaði. Ávöxtun innlendra skuldabréfa var slök, en vextir á innlendum skuldabréfamarkaði hækkuðu verulega síðari hluta ársins. Erlendar eignir voru almennt að gefa góða ávöxtun, þótt styrking íslensku krónunnar hafi dregið nokkuð úr henni.

Uppbygging á eignasöfnum sjóðsins var í samræmi við áætlanir. Stefnt hefur verið að aukinni áhættudreifingu með uppbyggingu erlendraigna og fjárfestingum í fleiri tegundum eignaflokka. Í því sambandi var fram haldið áætlan sjóðsins við að byggja upp safn erlendra framtaks- og marksjóða. Framtaksfjárfestingarnar munu gefa neikvætt framlag til ávöxtunar til að byrja með, á meðan þessir sjóðir eru í fjárfestingarfasa, en reiknað er með að þeir muni skila umframávöxtun miðað við skráð hlutabréf þegar fram í sækir. Þá hefur sjóðurinn að undanfögnu skoðað fjárfestingar í erlendum fasteignasjóðum, sem er eignaflokkur sem sjóðurinn hefur ekki áður fjárfest í.

Teknar hafa verið upp áhættumælingar á öllum eignasöfnum sjóðsins og skilgreindar viðmiðunarvísitölur fyrir hvert safn. Jafnframt hefur verið skilgreind viðmiðunarvísitala fyrir sjóðinn í heild og er þar um að ræða vísitölu sem samsett er úr innlendum og erlendum vísitölum. Fjárfestingarárangur og áhætta er mæld fyrir hvert undirsafn, en auk þess er árangur sjóðsins í heild mældur með skírskotun til viðmiðunarvísitölnnar. Unnar eru ítarlegar ávöxtunarskýrslur fyrir stjórn sjóðsins eftir hvern ársfjórðung.

Tryggingafræðileg afkoma sjóðsins var góð, þrátt fyrir talsverða aukningu skuldbindinga vegna aukinnar örorkutiðni. Óvissa ríkir þó um framtíðarskuldbindingar sjóðsins, þar sem fyrirhugað er að breyta réttindakerfi hans, en tryggingafræðilegt uppgjör fyrir 2005 miðast við óbreyttar samþykktir.

Á árinu var unnið að breytingum á réttindakerfi sjóðsins með það að markmiði að taka upp aldurstengt kerfi í stað kerfis með jafnri ávinnslu. Voru í því sambandi skoðaðar ýmsar leiðir, bæði leiðir sem aðrir sjóðir hafa valið en einnig aðrar hugmyndir sem ná eiga sömu markmiðum. Mikilvægt er að sjóðfélagar, sem greitt hafa í kerfi jafnrar ávinnslu beri ekki skertan hlut frá borði við þessar breytingar og verður reynt að gæta þess við kerfisbreytingarnar.

Málefni öryrkja og aukin örorkubyrði íslensku lífeyrissjóðanna var mikið til umræðu á árinu. Tekin var saman skýrsla um þessi mál hjá sjóðnum og þróun þeirra undanfarnar ár. Ljóst er að hér er um talsvert vandamál að ræða, sem bregðast verður við. Ef fram heldur sem horfir mun aukin örorkubyrði hafa áhrif á möguleika sjóðanna til greiðslu eftirlauna í framtíðinni, en litið hefur verið á eftirlaunagreiðslur sem meginhlutverk sjóðanna. Aukning örorku er þó misjöfn á milli starfstétta og þar af leiðandi milli sjóða og ljóst að hún er að a.m.k. ekki nema að hluta til starfstengd. Af þessu tilefni hafa örorkumálin verið til sérstakrar skoðunar og nú hefur náðst samkomulag milli samtaka vinnumarkaðarins og stjórnvalda að taka á þessu vandamáli og jafna í frekari mæli aðstöðu lífeyrissjóða í þessu efni. Er vonast til að þetta samkomulag hafi jákvæð áhrif á skuldbindingar sjóðsins í framtíðinni.

Sjóðurinn skilgreindi á árinu stefnu í öryggismálum sem lúta að aðgengi og meðferð upp lýsinga. Stefnan hefur verið innleidd og er m.a. hluti af innra eftirliti sjóðsins.

Í desember 2005 var skrifað undir viljayfirlýsingum milli Lífeyrissjóðs Norðurlands og Lífeyrissjóðs Austurlands um að kanna sameiningu þessara sjóða. Markmið sameiningar yrði að efla sjóðina og búa þá betur undir flóknara umhverfi og aukna samkeppni, sem vænta má í framtíðinni.

Sá sem biður eftir því að eiga nóg af öllu til að geta hjálpað hinum fátæku gefur aldrei neitt.

Frá Kína

Menn vonast til að verða gamlir en óttast ellina.

La Bruyère

Starfsumhverfi

Ef maður veit sig eiga eldivið þarf maður ekki að kveika upp.

*Haldór Laxnes, Heimsljós
– Hreppstjórinn í Bergvík*

Efnahagsmál og þróun á fjármálamarkaði.

Efnahagsumhverfið var hagstætt á Íslandi árið 2005, þótt vaxandi ójafnvægis gæti á ýmsum sviðum. Reiknað er með að hagvöxtur hafi verið um 5,5% og verðbólga var 4% frá upphafi til loka árs. Gengi krónunnar var áfram sterkt og hækkaði krónan um 7,2% gagnvart erlendum myntum. Þróunin var þó misjöfn gagnvart einstökum myntum. Þannig lækkaði krónan um 3% gagnvart bandaríkjadal en hækkaði um 10,6% gagnvart evru.

Efnahagslífið einkenndist áfram af mikilli útlánaaukningu og miklum hækkunum á eignaverði, einkum á hlutabréfum og fasteignum, en skuldabréf gáfu eftir þegar hækkana stýrivaxta fór að gæta. Reiknað er með að fjármunamyndun hafi aukist um 34,5%, einkaneysla hafi vaxið um ríflega 11,9%, kaupmáttur launa hafi aukist um 3,2%, atvinnuleysi er í sögulegu lágmarki og viðskiptajöfnuður var óhagstæður um rúmlega 16% af landsframleiðslu sem er mesti halli sem orðið hefur á einu ári. Allt bendir því til þess að hagkerfið sé að ofhitna. Sterk króna er einnig farin að hafa verulega neikvæð áhrif á útflutnings- og samkeppnisgreinar. Gera má ráð fyrir að hagsveiflan nái hámarki 2006 og hagkerfið fari í gegn um aðlögun þegar þenslan sem nú hefur staðið yfir frá 2003 tekur að fjara út.


Ljóst er að það verður mikið og erfitt hagstjórnarverkefni að stýra íslenska hagkerfinu inn í mjúka lendingu þannig að ekki komi til verulegrar verðbólgu, samdráttar og kjararýrnunar.

Skuldabréfamarkaður

Árið var erfitt á innlendum skuldabréfamarkaði eftir mörg góð ár. Ávöxtunarkrafa íbúðarbréfa hækkaði mikið, eða um 50-80 punkta einkum á seinni hluta ársins og nam gengislækkun bréfanna 4-8%. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra bréfa hækkaði um 15-80 punkta, en mikil útgáfa erlendra aðila á skuldabréfum í íslenskum krónum hamlaði gegn frekari lækkunum á óverðtryggðum bréfum. Mikil útgáfa var á fyrirtækjaskuldabréfum fyrri hluta ársins en nettóútgáfa ríkistryggðra bréfa var óveruleg, ekki síst vegna mikilla uppgreiðslna og samkeppni frá bönkunum á íbúðalánamarkaði.

Frelsi þýðir ábyrgð.
Það er þess vegna sem flestir menn óttast það.

Georg Bernard Shaw



Stýrivextir Seðlabankans voru hækkaðir um 2,25% á árinu til að sporna við aukinni verðbólgu og voru þeir 10,5% í árslok. Hækkunir bankans höfðu að lokum áhrif á lengri enda markaðarins sem gaf eftir, en mikil samkeppni á húsnæðislanamarkaðinum hafði haldið vöxtum lágum lengst af árinu. Vaxtamunur er verulegur milli Íslands og útlanda og á það bæði við um nafnvaxta- og raunvaxtamun sem stutt hefur við sterkt gengi krónunnar á árinu. Líkur eru á því að nokkrar verðsveiflur verði á skuldabréfamarkaði á meðan þenslan er mikil og hækkunarferli stýrivaxta stendur yfir. Þegar hægja tekur á hagkerfinu má búast við að vextir lækki á nýjan leik og ættu íslensk skuldabréf þá að geta gefið bærilega ávöxtun. Líklegt er að til lengri tíma litið verði ávöxtun innlendra skuldabréfa nær því sem hún er í nágrannalöndum okkar og því hógværi en fjárfestar hafa átt að venjast undanfarin áratug hér á landi.

Fáir njóta eldanna sem fyrstir kveikja þá.

*Davíð Stefánsson
„Konan sem kyndir
ofninn minn“*

Hlutabréfamarkaður

Ávöxtun á innlendum hlutabréfamarkaði var mjög góð og sló markaðurinn öll met á árinu. Úrvalsvísitala náði sínu hæsta gildi og verð hlutabréfa hækkaði verulega eða um 64,7% sem er mesta hækkun sem orðið hefur á einu ári frá því skipulagður hlutabréfamarkaður hóf starfsemi sína á Íslandi. Hefur úrvalsvísitalan þrefaldast frá ársbyrjun 2003 til ársloka 2005. Markaðsverðmæti hlutabréfa sem skráð voru í Kauphöll Íslands hækkaði um 732 milljarða og nam 1.816 milljörðum í árslok 2005. Miklar sviptingar urðu á markaðinum á árinu m.a. með mikilli uppstokkun í fjármála-geiranum, en fjármálageirinn var í árslok 72% af öllum markaðinum. Afkoma fyrirtækja hefur verið góð, einkum þeirra sem staðið hafa í útrás og mikill stuðningur hefur verið við markaðinn. Útlán bankanna hafa vaxið mikið og talsvert er um skuldsettar stöður, ekki síst í erlendri mynt. Viðlíka hækkunir hafa vart orðið á nokkrum öðrum markaði og ber hann nú flest merki eignabólu. Smæð markaðarins, mikil skuldsetning í hlutabréfastöðum ásamt þröngu eignarhaldi og miklum innbyrðis eignatengslum gera markaðinn áhættusaman og viðkvæman fyrir breytingum á væntingum markaðsaðila. Líklegt er til að mynda að lækkun íslensku krónunnar gagnvart erlendum myntum kunni að hafa veruleg áhrif á markaðinn. Erfitt getur þó verið að tímasetja hvenær markaðurinn mun gefa eftir en ljóst er að svo miklar hækkunir fást ekki staðist til lengdar. Líkur eru á því að árið 2006 verði ekki eins gjöfult í innlendum hlutabréfum og undanfarin ár.

Hlutabréfavísitölur 2005




Eftir að einhver verður frægur líður ekki á löngu áður einhver skýtur upp kollinum sem var sessunautur hans í skóla.

Frank McKinney Hubbard

Að vera hafður fyrir
rangri sök er ekkert mál nema þú
getir ekki gleymt því.

Konfúsíus



Erlendir markaðir

Heimsbúskapurinn var almennt í góðu standi á árinu 2005. Reiknað er með að hagvöxtur á heimsvísu hafi verið rúmlega 3% og verðbólga um 2,9%. Hagvöxtur var góður í Bandaríkjunum eða um 3,5% en lítill í Evrópu eða um 1,5% og um 2,2% í Japan. Eins og á síðustu árum var það einkum Kína og önnur nýmarkaðslönd sem drifu áfram heimsefnahaginn, en reiknað er með að hagvöxtur í Kína hafi verið 9,5% og um 5,9% í öðrum nýmarkaðslöndum. Búist er við að heldur hægi á hagvexti í heiminum árið 2006, einkum í Bandaríkjunum. Áfram er þó reiknað með góðum hagvexti í Kína og nýmarkaðslöndum. Japan hefur verið að taka við sér eftir langt samdráttarskeið og horfur þar eru bjartar og einnig er reiknað með að hagvöxtur glæðist í Evrópu.

Hlutabréfamarkaðir heimsins stóðu sig þokkalega á árinu og heimsvísitala Morgan Stanley hækkaði um 7,6% í dollurum talið. Árangurinn var lakastur í Bandaríkjunum en Ameríkuvísitalan hækkaði um 5%, Evrópuvísitalan um 6,5% og Japanvísitalan um 24,1% en langt er síðan hækkanir hafa verið jafnmiklar í Japan. Vístala Asíu án Japan hækkaði um 10,2% og vísitala nýmarkaða um 34,5%. Framangreindar hækkanir á vísitölum eru miðaðar við bandaríkjadal, en flestar myntir lækkuðu gagnvart bandaríkjadal á árinu. Þannig lækkuðu bæði jen og evra um nálægt 13% gagnvart dalnum. Hækkanir á vísitölunum voru því mun meiri í staðbundnum myntum. Þokkaleg bjartsýni ríkir um árangur alþjóðlegra hlutabréfa á árinu 2006. Áfram er búist við góðri afkomu í Japan og Asíu, en einnig er reiknað með að bandarísk hlutabréf muni taka við sér. Ávöxtun alþjóðlegra skuldabréfa var hófleg á árinu 2005. Alþjóðlega skuldabréfavisítalan Lehman Aggregate hækkaði um 2,4% á árinu og er áfram búist við hóflegri ávöxtun skuldabréfa á meðan flestir seðlabankar heimsins eru enn í hækunarfasa. Vísitala dreifðra marksjóða hækkaði um 7,4% í dollurum talið á árinu. Marksjóðir áttu erfitt framan af ári en ávöxtun þeirra glæddist í árslok og horfur eru taldar þokkalegar í þessum eignaflokki fyrir árið 2006.

Að ósi skal á stemmal!

*Snorri Sturluson.
Gylfagynning – Þór.*

Starfsemi sjóðsins

Tryggingadeild

Lífeyrismál

Lífeyrisgreiðslur Tryggingadeildar námu alls 1.255,6 milljónum króna og jukust um 10,4% frá fyrra ári. Lífeyrisbyrði sjóðsins sem hlutfall af iðgjöldum lækkaði milli ára úr 65,2% í rúmlega 62,5% en iðgjöld jukust um 15,5% sem er talsvert umfram launavísitölu. Lífeyrisþegar í árslok 2004 voru 3.952 og hafði fjölgað um 138 frá fyrra ári eða um 3,6%. Örorkulífeyrir hélt áfram að vaxa sem hlutfall af heildarlífeyri og er það áhyggjuefni. Eðlilegra væri að örorkulífeyrir færi minnkandi sem hlutfall af heildarlífeyri eftir því sem sjóðurinn eldist.

Skipting milli einstakra lífeyristegunda var sem hér segir í milljónum króna:

Skipting milli einstakra lífeyristegunda


Lífeyristegund	Upphæð 2005	% af heild	Upphæð 2004	% af heild	Hækk. milli ára
Ellilífeyrir	691,4	55,1%	625,1	55,3%	10,6%
Örorkulífeyrir	427,6	34,1%	383,4	33,3%	11,5%
Makalífeyrir	99,2	7,9%	97,7	8,6%	1,5%
Barnalífeyrir	37,4	3,0%	31,5	2,9%	18,7%
Samtals	1.255,6	100,0%	1.137,7	100,0%	10,4%

Nokkuð er um að lífeyrisþegar njóti fleiri en einnar tegundar lífeyris og voru virkir lífeyrisúrskurðir 4.785 vegna 3.952 lífeyrisþega. Á árinu voru afgreiddir 480 nýir úrskurðir sem er 40 úrskurðum færri en árið á undan sem er fækkun um 7,7%. 288 úrskurðir féllu út. Skipting úrskurða milli lífeyristegunda og breyting milli ára var sem hér segir:

Skipting úrskurða milli lífeyristegunda og breyting milli ára

Lífeyristegund	Fjöldi 31.12 '04	Nýir úrsk.	Út af lífeyri	Fjöldi 31.12 '05	Breyting
Ellilífeyrir	2.418	170	108	2.480	62
Örorkulífeyrir	1.170	167	78	1.259	89
Makalífeyrir	662	52	46	668	6
Barnalífeyrir	343	91	56	378	35
Samtals	4.593	480	288	4.785	192

Alls voru úrskurðaðir 167 nýir örorkulífeyrisþegar á árinu og voru ástæður örorku sem hér segir:



Ef við værum gallalausir veitti það okkur ekki svona mikla ánægju að taka eftir göllum annarra.

La Rochefoucauld

Gáfumenni er maður sem notar fleiri orð en nauðsynlegt er til að segja meira en hann veit.

Dwight D. Eisenhower

Gleðin er eins og ljósið;
ef þú kveikir á því fyrir aðra,
skín það á sjálfan þig.

Carit Etlar

Fjárfestingarstefna og ráðstöfun fjármagns

Gerðar voru smávægilegar breytingar á fjárfestingarstefnu sjóðsins á árinu 2005. Vægi innlendra hlutabréfa og ríkistryggðra skuldabréfa var lækkað lítið eitt en vægi erlendra hluta- og skuldabréfa aukið. Var þetta gert með hliðsjón af sterkri krónu og lakari langtímahorfum á innlendum mörkuðum. Innlend hlutabréf hafa haldið áfram að hækka mikið, en sjóðurinn hefur selt frá sér þær hækkanir að mestu þannig að þau hafa ekki aukist sem hlutfall af eignum. Þetta er hluti af áhættustýringu sjóðsins en kann að kosta eitthvað í ávöxtun til skemmri tíma lítið.

Sjóðurinn setti sér formlegt viðmið – viðmiðunarvísitölu – á árinu, sem samsett er úr innlendum og erlendum vísitölum. Samsetning viðmiðunarvísitölnnar gerir ráð fyrir að 57% af eignum sjóðsins séu í innlendum og erlendum skuldabréfum, 35% í innlendum og erlendum hlutabréfum og 8% í öðrum fjárfestingum og lausu fé. Með því að taka upp formlegt viðmið fæst meiri festa í fjárfestingarstarfsemi sjóðsins og auðveldara verður að mæla árangur sjóðsins.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að mæla og stýra áhættu sjóðsins. Eignasafni hans er skipt í undirsöfn, sem hvert og eitt hefur sjálfstætt viðmið og áhætta hvers safns fyrir sig er mæld. Sama á við fyrir sjóðinn í heild.


Sjóðurinn hélt áfram að byggja upp safn erlendra framtaksjóða og er vel á veg kominn með að koma því safni í það horf, sem stefnt var að. Safn erlendra marksjóða er enn í uppbyggingu en þar er lengra í land að samsetning safnsins verði eins og stefnt er að. Þá er unnið að uppbyggingu á erlendu skuldabréfasafni auk þess sem innlendum hluta- og skuldabréfasöfnum er breytt í samræmi við stefnu á hverjum tíma.

Samsetning á eignum sjóðsins í árslok 2005 var sem hér segir:

Verðbréfaflokkar	Eignasafn samkvæmt fjárfestingarstefnu	Eignasafn 31.12.2005
Ríkisverðbréf	30-50%	35,9%
Önnur innlend markaðsskuldabréf	0-20%	12,4%
Veðskuldabréf	0-10%	1,7%
Erlend skuldabréf	0-20%	8,7%
Innlend hlutabréf	10-35%	17,9%
Erlend hlutabréf	5-35%	18,8%
Aðrar fjárfestingar	0-10%	3,0%
Bankainnistæður og skammtímaabréf	0-10%	1,7%

Það er ekki gnægð réttanna,
heldur glaðværð gestanna, sem
gerir veisluna góða.

Ókunnur höfundur



Sjóðurinn fjárfesti fyrst og fremst í innlendum og erlendum skuldabréfum og erlendum hlutdeildarskírteinum, en var seljandi á íslenskum hlutabréfum. Var þetta í samræmi við fjárfestingarstefnu og áætlanir sjóðsins.

Fyrir sjóðinn í heild var frjálst fjárstreymi til kaupa á verðbréfum á árinu 4.653 milljónir króna og hækkaði um 33,8% frá fyrra ári. Samtals var ráðstafað 5.642 milljónum króna til verðbréfakaupa og lækkaði handbært fé um 376 milljónir króna á árinu.

Verðbréfaflokkar	Kaup	Sala	Ráðstöfun ársins
<i>Verðbréf með breytilegum tekjum:</i>			
Innlend hlutabréf	3.939	(7.304)	(3.365)
Erlend hlutabréf	135	0	135
Innlend hlutdeildarskírteini	623	(406)	217
Erlend hlutdeildarskírteini	3.768	(404)	3.364
<i>Verðbréf með föstum tekjum:</i>			
Ríkisskuldabréf	5.424	(3.267)	2.157
Önnur markaðsskuldabréf	1.910	(27)	1.883
Erlend skuldabréf	1.090	(104)	986
Veðskuldabréf	0	(315)	(315)
Skammtímaþréf, nettó			(36)
Samtals	16.889	(11.827)	5.026


Heimurinn hefur nóg til að fullnægja þörfum manna en ekki græðgi þeirra.

Mahatma Gandhi

Ávöxtun og efnahagur

Ávöxtun

Ávöxtun Tryggingadeildar sjóðsins var góð og sú næstbesta frá stofnun hans. Nafnávöxtun deildarinnar var 18,7% og raunávöxtun 14,0% samanborið við 17,8% og 13,3% árið á undan. Meðalraunávöxtun síðustu 5 ára er 6,1% og 7,4% síðust 10 árin. Fjárfestingartekjur deildarinnar námu 7.258 milljónum króna og hækkuðu um 25,9% frá fyrra ári. Það var einkum góð ávöxtun innlendra hlutabréfa, sem skýrir þessa góðu afkomu. Þannig skiluðu innlend hlutabréf fjárfestingartekjum að fjárhæð 4.648 milljónir króna eða 64% af fjárfestingartekjum ársins, en innlend hlutabréf voru þó ekki nema tæplega 18% af eignum deildarinnar á árinu. Ávöxtun innlendra hlutabréfa á undanförunum þremur árum hefur verið óvenju mikil og er þess ekki að vænta að þessi eignaflokkur gefi jafn góða ávöxtun til framtíðar lítið.



Afstaðan til Guðs er stundum eins og til kennarans; maður horfir niður í borðplötuna til að verða ekki tekinn upp.

Pétur Gunnarsson. Vasabók

Innlend skuldabréf gáfu lakari ávöxtun undanfarrið ár þegar litið er til markaðsverðmætis, en erlend verðbréf gáfu þokkalega ávöxtun einkum tillit er tekið til styrkingar ís- lensku krónunnar. Undanfarin 5 ár er nafn- og raunávöxtun sjóðsins sem hér segir:

Ávöxtun einstakra eignaflokka

	2005	2004	2003	2002	2001	3 ár	5 ár
<i>Nafnávöxtun:</i>							
Tryggingadeild	18,7%	17,8%	11,8%	-0,2%	6,4%	15,9%	10,7%
Ríkisskuldabréf	8,6%	9,9%	8,8%	8,2%	20,4%	9,0%	11,1%
Önnur innlend skuldabréf	10,7%	11,7%	9,3%	7,1%	15,0%	10,5%	10,7%
Erlend skuldabréf	3,6%	-7,0%	-4,8%	-11,9%	6,5%	-2,8%	-3,0%
Innlend hlutabréf	76,5%	68,0%	42,9%	31,1%	-7,2%	61,0%	38,8%
Erlend hlutabréf	8,5%	-5,5%	11,0%	-40,9%	-13,1%	4,4%	-10,2%
Aðrar fjárfestingar	2,5%	e.t.	e.t.	e.t.	e.t.	e.t.	e.t.
Skammtimabréf	8,8%	7,6%	5,1%	9,7%	12,0%	7,1%	8,6%
<i>Raunávöxtun:</i>							
Tryggingadeild	14,0%	13,3%	9,2%	-2,2%	-2,1%	12,0%	6,2%
Ríkisskuldabréf	4,2%	5,8%	5,9%	6,1%	10,9%	5,2%	6,6%
Önnur innlend skuldabréf	6,3%	7,5%	6,4%	5,0%	5,9%	6,7%	6,2%
Erlend skuldabréf	-0,5%	-10,5%	-7,3%	-13,6%	-1,9%	-6,1%	-6,9%
Innlend hlutabréf	69,5%	61,7%	39,1%	28,5%	-14,6%	55,5%	33,1%
Erlend hlutabréf	4,2%	-9,1%	8,1%	-42,1%	-20,0%	0,8%	-13,9%
Aðrar fjárfestingar	-1,6%	e.t.	e.t.	e.t.	e.t.	e.t.	e.t.
Skammtimabréf	4,5%	3,5%	2,3%	7,5%	3,1%	3,4%	4,2%
Verðbólga	4,1%	3,9%	2,5%	2,0%	8,6%	3,5%	4,2%

Hamingja er það sama og að búa við góða heilsu og slæmt minni.

Albert Schweitzer

Ofangreinar tölur miðast við hefðbundið uppgjör þar sem skuldabréf eru gerð upp miðað við kaupávöxtunarkröfu. Ef miðað er við markaðskröfu þá var ávöxtun innlendra skuldabréfa mun lakari en þarna er talið og ávöxtun deildarinnar miðað við markaðsuppgjör er 16,30% í stað 18,7%. Í eignastýringu sjóðsins er að jafnaði gengið út frá markaðskröfu á hverjum tíma. Samanburður við viðmiðunarvísitölu gerist einnig á þeim grunni. Helstu niðurstöður á ávöxtun sjóðsins og samanburðarvísitölu eru sem hér segir:

	Sjóður	Vísitala
Ávöxtun	16,30%	12,72%
Umframávöxtun	3,58%	
Áhætta	3,46%	4,31%
Sharp ratio	2,10	0,86
Information ratio	1,98	
Hlutfall jákvæðra mánaða	91,70%	72,70%
Tracking error	3,46%	

Virðing felst ekki í því að hafa veist heiður heldur að vera vel að honum kominn.

Aristóteles.

Af 3,58% umframávöxtun var 2,30% vegna vægis eignaflokka og 1,28% vegna vals á verðbréfum.

Efnahagur og afkoma

Hrein eign Tryggingadeildar til greiðslu lífeyris nam 45.904,4 milljónum króna í árslok og hækkaði um 7.920,8 milljónir króna frá árinu á undan eða um 20,9%. Samsvarandi hækkun milli árana á undan var 19,8%. Þessi mikla hækkun skýrist fyrst og fremst af góðri ávöxtun. Fjárfestingar deildarinnar námu í árslok 45.600,2 milljónum króna eða 99,3%


eigna. 43% eignanna eru í skráðum bréfum með breytilegum tekjum, 51% í skráðum bréfum með föstum tekjum, 3% í óskráðum bréfum, 2% í fasteignalánum og 2% í öðrum eignum.

Góð ávöxtun sjóðsins leiddi til þess að tryggingafræðileg staða hans batnaði og var tryggingafræðileg afkoma sjóðsins jákvæð um 1.074 milljónir króna. Staðan batnaði þó ekki eins mikið og ætla mætti vegna aukinna skuldbindinga af völdum vaxandi örorku. Rétt er þó að benda á að nokkur óvissa ríkir um framtíðarskuldbindingar sjóðsins vegna fyrirhugaðra breytinga á réttinda kerfi, en við uppgjörið nú er miðað við óbreyttar samþykktir.

Tryggingafræðileg afkoma sjóðsins sl. 5 ár er sem hér segir:

Tryggingafræðileg afkoma síðastliðin 5 ár

	2001	2002	2003	2004	2005
Aukning á eignum til trygg.frl. uppgjors	2.613	556	3.270	5.587	4.707
Aukning áfallinna skuldbindinga á árinu	(2.134)	(3.843)	(1.358)	(5.185)	(2.840)
	479	(3.287)	1.912	402	1.868
Aukning á verðmæti framtíðariðgjalda	6.171	2.216	1.988	1.908	1.976
Aukning á verðmæti framtíðarréttinda	(7.452)	(3.442)	1.936	(4.499)	(2.769)
	(1.281)	(1.226)	3.924	(2.591)	(794)
Tryggingafræðileg afkoma ársins	(802)	(4.513)	5.836	(2.189)	1.074



Framangreindar tölur miðast við heildarskuldbindingar samkvæmt hefðbundnu tryggingafræðilegu mati. Eins og áður þá birtum við einnig tryggingafræðilega afkomu vegna áfallinna skuldbindinga, án þess að skuldabréfasafn sjóðsins sé núvirt. Tryggingafræðileg afkoma er sem hér segir:

Tryggingafræðileg afkoma síðastliðin 5 ár

	2001	2002	2003	2004	2005
Aukning á bókfærðum eignum	2.225	449	3.762	6.266	7.879
Aukning áfallinna skuldbindinga	2.134	3.768	1.291	5.185	4.380
Tryggingafræðileg afkoma	91	(3.319)	2.471	1.081	3.500

Tryggingafræðileg afkoma samkvæmt þessari aðferð er mun betri eins og tölurnar sýna.

Batnandi tryggingafræðileg staða gerir það að verkum að auðveldara verður fyrir sjóðinn að breyta réttindakerfi sínu úr kerfi jafnrar ávinnslu yfir í kerfi aldurstengdrar ávinnslu, en gert er ráð fyrir því að slík breyting verði á árinu 2006. Er gengið út frá því að öll áfallin réttindi haldi sér við þá breytingu og að óverulegar breytingar verði á framtíðarávinnslu þeirra sem greitt hafa í kerfi jafnrar ávinnslu miðað við það sem þeir gátu vænst ef kerfinu væri ekki breytt.

Einfaldur má vera ánægður fyrst talinn er löstur að vera tvöfaldur.


Kristján frá Djúpalæk
– „Raunabót“

Iðgjöld og sjóðfélagar

Alls greiddu 12.308 sjóðfélagar hjá 1.608 launagreiðendum iðgjöld til deildarinnar á árinu. Virkum sjóðfélögum fylgandi um 241 einstakling frá fyrra ári og launagreiðendur voru 61 fleiri en árið á undan. Iðgjöld deildarinnar á árinu námu 1.997,6 milljón króna og hækkuðu um 268 mkr. frá fyrra ári eða 15,5%.

Alls greiddu 30 stærstu launagreiðendurnir tæp 44,3% af iðgjöldum til sjóðsins og eru iðgjöld þeirra sýnd í meðfylgjandi töflu. Akureyrarbær er þar lang stærsti greiðandinn með 10,4% allra iðgjalda. Af heildariðgjöldum sjóðsins á árinu vóg opinber þjónusta þyngst eða 28%, þar á eftir verslun og þjónusta með 19% og sjávarútvegur með 18%.

Stærstu iðgjaldagreiðendur voru sem hér segir:




30 stærstu
launagreiðendur 2005

Sá er munur á snillingum og heimskingjum, að snilldin á sér takmörk.

Th. Gahlin


Skipting launagreiðenda eftir atvinnugreinum



Rekstur

Rekstrarkostnaður deildarinnar á árinu nam 55,9 milljónum samanborið við 53,2 milljónir árið áður, sem er hækkun um 5%. Fjárfestingargjöld deildarinnar námu 29,5 milljónum samanborið við 27 milljónir árið áður, sem er hækkun um 9%. Sem hlutfall af eignum deildarinnar nam rekstrarkostnaður 0,13% af eignum samanborið við 0,15% árið áður og fjárfestingargjöld námu 0,07% samanborið við 0,08% árið áður. Heildarkostnaður sem hlutfall af eignum lækkaði því milli ára úr 0,23% í 0,20%.

Þróun kostnaðar undanfarin ár:



Hvergi mun ég þoka því engi hornkerling vil ég vera.

*Brennu-Njáls saga
— Hallgerður langbrók.*

Séreignardeild

Séreignardeild sjóðsins hefur skilað mjög góðum árangri á undanförunum árum og var ávöxtun mjög góð á árinu 2005. Safn I sem er áhættuminnna skilaði 17% nafnávöxtun og 12,3% raunávöxtun. Safn II sem hefur hærra vægi hlutabréfa og er því áhættumeira skilaði 27,5% nafnávöxtun og 22,4% raunávöxtun. Fimm ára meðalávöxtun fyrir Safn I eru 13,4% nafnávöxtun og 8,8% raunávöxtun og sambærilegar tölur fyrir Safn II eru 14,8% nafnávöxtun og 10,1% raunávöxtun. Ofangreindar ávöxtunartölur eru eftir að kostnaður hefur verið dreginn frá. Ársávöxtun safnanna hefur aldrei orðið neikvæð á tímabilinu frá stofnun þeirra árið 1999 en bæði söfnin eru vel áhættudreifð.

Iðgjöld til Séreignardeildar á síðasta ári námu 134,4 milljónum króna og lækkuðu um 28% frá fyrra ári. Þessa lækkun má rekja til þess að svokallað 1% mótframlag sem greitt var vegna þeirra sem ekki höfðu gert samninga um viðbótarlífeyrissparnað var felld niður. Einnig var flutt um 22,2 milljónum meira frá deildinni en til hennar á árinu sem endurspeglar erfiða samkeppnisstöðu deildarinnar gagnvart bönkunum, sem eyða miklu í markaðskostnað og tengja auk þess viðbótarlífeyrissparnað annarri þjónustu bankanna. Þetta gerir

Fögur er hlíðin, svo að mér hefir hún aldrei jafnfögur sýnst, bleikir akrar og slegin tún, og mun ég ríða heim aftur og fara hvergi.

Brennu-Njáls saga – Gunnar á Hlíðarenda.


Séreignardeild LN - Fjárfestingarstefna

	Safn I	Safn II
Skuldabréf - Innlend	55-85%	40-75%
Hlutabréf - Innlend	5-20%	10-35%
Erlend verðbréf	0-20%	5-35%


Helvíti er ekki staður heldur
hugarástand.

Ágúst Strindberg

Nafnávöxtun 2005




Raunávöxtun 2005




Ávöxtun safna síðustu 5 árin

Nafnávöxtun



Raunávöxtun



stöðu lífeyrissjóða erfiða á þessum markaði þrátt fyrir mjög góða ávöxtun. Lífeyrisgreiðslur deildarinnar námu 18,2 milljónum króna og jukust um 94% frá fyrra ári. Hrein eign Séreignardeildar í árslok nam 1.604,6 milljónum og hefur vaxið um 420,6 milljónir eða 35,5% á árinu. Hjá Séreignardeild Lífeyrissjóðs Norðurlands er öllum útgjöldum stillt í hóf og nam heildarkostnaður sjóðfélaga aðeins 0,48% af eignum. Upphafskostnaður sjóðfélaga er enginn og kappkostað að hafa innheimtu iðgjalda í föstum skorðum.

Lokaorð

Ávöxtun Lífeyrissjóðs Norðurlands var góð á árinu 2005. Tryggingafræðileg afkoma sjóðsins var einnig góð, þrátt fyrir auknar byrðar vegna vaxandi örorku. Breytingar úr kerfi jafnarar réttindaávinnslu yfir í kerfi aldurstengdrar ávinnslu ætti því að geta gengið nokkuð vel fyrir sig. Gert er ráð fyrir því að þessi breyting eigi sér stað á árinu 2006 en hvernig sú breyting verður ræðst meðal annars af útkomu úr þeim sameiningarviðræðum sem sjóðurinn tekur þátt í.

Líklegt er að sameiningarviðræður setji mark sitt á starfsemina á árinu og ljóst er að verulegar breytingar verða á starfsemi sjóðsins gangi sameining eftir. Mikil stærðarhagkvæmni er í rekstri lífeyrissjóða. Sífelld flóknara umhverfi sjóðanna kallar á aukna sérfræðipekkingu og verkaskiptingu starfsmanna þeirra, sem erfitt er að ná fram í mjög litlum einingum. Þá eru vaxandi líkur á því að samkeppni milli lífeyrissjóða aukist á komandi árum og þá mun stærðarhagkvæmni ráða miklu um hvernig einstökum sjóðum reiðir af. Að lokum þakkar stjórnin framkvæmdastjóra og starfsmönnum sjóðsins gott samstarf á árinu. Sömu þakkir eru færðar til lífeyrisþega, sjóðfélaga og launagreiðenda sjóðsins.

Ársreikningur

Lífeyrissjóðs Norðurlands

2005

Skýrsla stjórnar

Starfsemi sjóðsins var með hefðbundnum hætti á árinu. Rekstrarumhverfi sjóðsins var gott að flestu leyti. Innlendir markaðir gáfu góða ávöxtun, einkum íslenski hlutabréfamarkaðurinn.

Alls greiddu 12.308 félagar hjá 1.608 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins á árinu. Iðgjöld ársins til beggja deilda sjóðsins námu 2.132 milljónum króna. Iðgjöld Tryggingadeildar námu 1.998 milljónum króna og hækka um 15,5% frá fyrra ári. Iðgjöld til Séreignardeildar námu 134 milljónum króna og lækka 28% frá fyrra ári. Lækkun á iðgjöldum til séreignardeildar má rekja til þess að greiðslu á svokölluðu 1% mótframlagi sem launagreiðendur greiddu vegna þeirra launamanna sem ekki voru með samning um viðbótarlífeyrissparnað var hætt á árinu. Mikil samkeppni, einkum frá bönkunum þar sem þessi sparnaður er oft tengdur annarri þjónustu hafði einnig mikil áhrif. Með hliðsjón af því voru um 22 milljónum meira flutt frá séreignadeildinni en til hennar á árinu. Launavísitala hefur hækkað um 7,2% á síðustu 12 mánuðum.

Lífeyrisgreiðslur Tryggingadeildar á árinu námu 1.249 milljónum króna sem er 10,7% hækkan frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur í Séreignardeild námu 18,2 milljónum króna. Fjöldi lífeyrisþega í árslok var 3.952 og hafði þeim fjölgað um 138 frá fyrra ári.

Á árinu festi sjóðurinn aðallega fé sitt í innlendum markaðsskuldabréfum og erlendum skuldabréfum og hlutadeildarskírteinum. Innlendir hlutabréfamarkaður var áfram mjög hagstæður en innlendir skuldabréfamarkaður var erfiður. Afkoma erlendra eigna sjóðsins var viðunandi, þrátt fyrir styrkingu íslensku krónunnar, en hún styrktist um 7,2% á árinu.

Samtals námu verðbréf með breytilegum tekjum í eignasafni sjóðsins um 21,5 milljörðum króna og verðbréf með föstum tekjum og veðlán 24,9 milljörðum króna. Innlendar eignir námu 70% af heildareignum og erlendar eignir 30%.

Ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu til nýrra fjárfestinga (frjálst sjóðstreymi) nam samtals 4,7 milljörðum króna og hækkaði um 33,8% frá fyrra ári. Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 47.509 milljónum og hefur hækkað um 21,3% frá fyrra ári.

Nafnávöxtun Tryggingadeildar nam 18,7% á árinu og hrein raunávöxtun var 14,0%. Hrein raunávöxtun síðast liðin 5 ár er 6,1% og 7,4% síðast liðin 10 ár.

Ávöxtun séreignardeildar var einnig góð á árinu. Nafnávöxtun Safns I var 17,0% og raunávöxtun 12,3%. Nafnávöxtun á Safni II var 27,5% og raunávöxtun 22,4%.

Meðalfjöldi starfsmanna hjá sjóðinum á árinu var 8,1 samanborið við 7,9 árið áður og námu launagreiðslur til starfsmanna og stjórnar 41,3 milljónum króna, samanborið við 35,4 milljónir árið áður.

Tryggingafræðileg úttekt á stöðu Tryggingadeildar sjóðsins hefur verið gerð miðað við stöðu hans í árslok 2005. Úttektin er unnin miðað við sömu forsendur og á fyrra ári að öðru leyti en að nú eru teknar inn nýjar niðurstöður um meðalörorkulíkur íslenskra lífeyrissjóða miðað við árin 1998-2002 sem leiðir til hækunar frá mati fyrra árs. Við mat á framtíðarskuldbindingum er miðað við núgildandi réttindakerfi sjóðsins. Vegna væntanlegra breytinga á réttindakerfi sjóðsins yfir í aldurstengt kerfi ríkir óvissa um framtíðarskuldbindingar. Niðurstaða framreikningsins er sú að tryggingafræðileg staða sjóðsins hefur batnað verulega, sem rekja má til góðrar ávöxtunar á árinu.

Áfallnar skuldbindingar Tryggingadeildar í árslok 2005 námu 42.750,9 milljónum króna og samsvarandi eignir til tryggingafræðilegs uppgjörs námu 46.885,4 milljónum króna, sem þýðir að umframeign vegna áfallinna skuldbindinga er 4.134,5 milljón króna eða 9,7%. Að teknu tilliti til framtíðariðgjalda og þeirra skuldbindinga sem þær skapa eru heildareignir sjóðsins 75.844,6 milljónir króna og heildarskuldbindingar 76.657,3 milljónir króna, þannig að í heild nema skuldbindingar sjóðsins umfram eignir 812,7 milljónum króna, eða um 1,1%.

Tryggingafræðileg afkoma sjóðsins var jákvæð á árinu um 1.074 milljónir króna.

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn Lífeyrissjóðs Norðurlands og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2005 með áritun sinni.

Akureyri, 26. janúar 2006

Stjórn:




Kristján Þór Júlíusson, stjórnarformaður



Signý Jóhannesdóttir, varaformaður



Sirrý Hrönn Haraldsdóttir



Björn Snæbjörnsson



Einar Einarsson



Jón Karlsson



Kristján B. Garðarsson



Ágúst S. Óskarsson



Kári Arnór Kárason, framkvæmdastjóri

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og fulltrúaráðs

Við höfum endurskoðað ársreikning Lífeyrissjóðs Norðurlands árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeysis, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit yfir reikningsskilaaðferðir og skýringar nr. 1-15 ásamt kennitölum. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin, sem tekur mið af mati okkar á mikilvægi einstakra þátta og áhættu, felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af efnahag sjóðsins á árinu 2005, efnahag hans 31. desember 2005 og breytingu handbæru fé á árinu 2005, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Akureyri, 26. janúar 2006.

PricewaterhouseCoopers hf.



Davíð Búi Halldórsson, endurskoðandi



Sighvatur Halldórsson, endurskoðandi

Áritun tryggingastærðfræðings

Til stjórnar og fulltrúaráðs Lífeyrissjóðs Norðurlands

Undirritaður hefur metið lífeyrisskuldbindingar Lífeyrissjóðs Norðurlands í árslok 2005. Matið er framkvæmt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 um tryggingafræðilegar athuganir á lífeyrissjóðum og forsendur fyrir þeim og leiðbeinandi reglur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um tryggingafræðilegt mat á stöðu lífeyrissjóða.

Forsendur sem miðað er við eru m.a. lífslíkur árána 1999-2003, meðalörorkulíkur íslenskra lífeyrissjóða samkvæmt nýrri athugun og 3,5% vexti p.a.

Yfirlit yfir helstu niðurstöður matsins er að finna í skýringu nr. 15.

Skuldbindingar sjóðsins eru reiknaðar á grundvelli upplýsinga úr iðgjalda- og lífeyrisbókhalda sjóðsins um áunnin stig virkra og óvirkra sjóðfélaga skipt eftir aldri þeirra og lífeyrisgreiðslur til einstakra sjóðfélaga í árslok 2005. Miðað er við réttindaákvæði í samþykktum sjóðsins.

Í matinu eru reiknaðar út áfallnar skuldbindingar vegna þeirra sjóðfélaga, sem þegar eiga réttindi í sjóðnum og áætlaðar framtíðarskuldbindingar vegna þeirra iðgjalda, sem ætla má að virkir sjóðfélagar greiði til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Þessi áætluðu framtíðariðgjöld, svo og áætlaður rekstrarkostnaður og fjármagnsgjöld í framtíðinni, eru núvirt miðað við árslok 2005. Þá er í matinu tekið tillit til endurmats á skuldbréfaeign sjóðsins, en hún hefur verið núvirt miðað við sömu ávöxtunarkröfu og skuldbindingarnar eða 3,5%.

Niðurstaða athugunarinnar er sú að skuldbindingar Lífeyrissjóðs Norðurlands séu 1,1% umfram eignir í hlutfalli af skuldbindingum. Staða sjóðsins batnar því verulega frá niðurstöðu síðasta árs en þá reiknuðust skuldbindingar 5,4% umfram eignir.

Skýring þess að staða sjóðsins batnar á árinu er mjög góð ávöxtun sjóðsins á liðnu rekstrarári.

Reykjavík 26. janúar 2006



Bjarni Guðmundsson,
tryggingastærðfræðingur

Sameiginlegur reikningur

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2005

	Skýringar	Sameiginlegur		Tryggingadeild		Séreignardeild	
		2005	2004	2005	2004	2005	2004
Iðgjöld							
	1						
Iðgjöld sjófélaga		793.718	772.218	704.070	692.199	89.648	80.019
Iðgjöld launagreiðenda		1.360.822	1.147.745	1.293.913	1.037.113	66.908	110.631
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(22.603)	(2.813)	(330)	42	(22.273)	(2.855)
Iðgjöld		2.131.937	1.917.150	1.997.654	1.729.355	134.283	187.795
Lífeyrir							
	2						
Lífeyrir		1.273.841	1.147.055	1.255.631	1.137.655	18.210	9.400
Umsjónarnefnd eftirlauna		(11.988)	(13.825)	(11.988)	(13.825)	0	0
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		5.543	4.113	5.543	4.113	0	0
Lífeyrir		1.267.397	1.137.343	1.249.187	1.127.943	18.210	9.400
Fjárfestingartekjur							
	3						
Tekjur af eignarhlutum		4.710.783	3.450.902	4.481.488	3.293.145	229.295	157.757
Tekjur huseignum og lóðum		408	199	408	199	0	0
Vaxtatekjur og gengismunur		2.870.219	1.677.612	2.788.251	1.537.632	81.967	139.980
Breytingar á niðurfærslu		(25.771)	(7.090)	(25.771)	(7.090)	0	0
Aðrar fjárfestingartekjur	13	13.282	940.039	13.282	940.039	0	0
Fjárfestingartekjur		7.568.920	6.061.662	7.257.657	5.763.925	311.262	297.737
Fjárfestingargjöld							
	4						
Skrifstofu- og stjórnumarkostnaður		31.793	28.579	29.464	27.017	2.329	1.562
Rekstrarkostnaður							
	5						
Skrifstofu- og stjórnumarkostnaður		24.656	23.466	24.656	23.466	0	0
Annar rekstrarkostnaður		35.565	33.045	31.206	29.758	4.359	3.287
Rekstrarkostnaður		60.221	56.511	55.862	53.223	4.359	3.287
Hækkun á hreinni eign á árinu							
		8.341.446	6.756.379	7.920.798	6.285.096	420.648	471.283
Hrein eign frá fyrra ári		39.167.662	32.411.283	37.983.696	31.698.600	1.183.966	712.683
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		47.509.109	39.167.662	45.904.494	37.983.696	1.604.614	1.183.966

Sameiginlegur reikningur

Efnahagsreikningur 31. desember 2005

	Skýringar	Sameiginlegur		Tryggingadeild		Séreignardeild	
		2005	2004	2005	2004	2005	2004
(fjárhæðir í þúsundum króna)							
Eignir							
Fjárfestingar	6	75.200	76.800	75.200	76.800	0	0
Húseignir og lóðir							
Aðrar fjárfestingar							
Verðbréfi með breytilegum tekjum	7	21.464.789	15.704.432	20.710.822	15.234.410	753.967	470.022
Verðbréfi með föstum tekjum	8	24.094.178	19.645.713	23.263.570	18.953.050	830.608	692.663
Veðlán	8	785.651	1.250.291	785.651	1.250.291	0	0
Bankainnistöður		764.938	904.783	764.938	904.783	0	0
Aðrar fjárfestingar	9	47.109.556	37.973.058	45.524.981	36.810.373	1.584.575	1.162.685
Fjárfestingar alls		47.184.756	38.049.858	45.600.181	36.887.173	1.584.575	1.162.685
Kröfur							
Kröfur á launagreiðendur		245.085	267.548	227.511	248.045	17.573	19.504
Aðrar kröfur		7.251	17.490	7.251	17.490	0	0
Milli deilda		252.336	285.039	(2.466)	(1.777)	2.466	1.777
Aðrar eignir							
Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir	6	4.851	4.125	4.851	4.125	0	0
Sjóður og veltinnlán		488.342	864.334	488.342	864.334	0	0
Eignir samtals		47.930.284	39.203.356	46.325.670	38.019.390	1.604.614	1.183.966
Skuldir							
Skuldir við lánastofnanir		335.210	35.694	335.210	0	0	0
Aðrar skuldir	10	85.966	35.694	85.966	35.694	0	0
Hrein eign til greiðslu lífeyris		47.509.109	39.167.662	45.904.494	37.983.696	1.604.614	1.183.966

Sameiginlegur reikningur

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2005

	Skýringar	Sameiginlegur		Tryggingadeild		Sérgnardeild	
		2005	2004	2005	2004	2005	2004
Inngreiðslur							
lögjöld	11,12						
Fjárfestingartekjur		2.151.828	1.863.240	2.027.903	1.696.385	123.925	166.854
Alborganir verðbréfa.....		2.681.896	1.780.036	2.681.896	1.780.036		
Seld verðbréf með breytilegum tekjum.....		618.114	1.196.995	618.114	1.196.995		
Seld verðbréf með föstum tekjum.....		8.114.636	8.581.763	7.276.181	8.017.549	838.455	564.214
Lækkun á bankainnstæðum.....		3.748.895	14.747.926	2.135.036	13.946.312	1.613.859	801.614
Milli deilda		139.844	218.225	139.844	218.225		
Aðrar inngreiðslur		450.269	22.000	(688)	(80.929)	688	80.929
		17.905.483	28.410.184	15.328.555	26.796.573	2.576.928	1.613.612
Útgreiðslur							
Lífeyrir		1.267.397	1.137.343	1.249.187	1.127.943	18.210	9.400
Fjárfestingargjöld		30.785	26.951	28.456	25.389	2.329	1.562
Rekstrarkostnaður án afskrifta		58.674	55.273	53.945	52.102	4.729	3.171
Aðrar útgreiðslur.....		32.084	383.920	32.084	383.920	0	0
		1.388.940	1.603.487	1.363.672	1.589.353	25.267	14.133
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu		16.516.543	26.806.698	13.964.883	25.207.219	2.551.660	1.599.479
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting	11,12						
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum		8.465.979	9.010.996	7.647.800	8.380.573	818.179	630.423
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum		8.423.276	17.363.898	6.689.795	16.394.842	1.733.481	969.056
Ný veðlán og útlán.....		0	210.000	0	210.000	0	0
Aðrar fjárfestingar.....		3.280	0	3.280	0	0	0
		16.892.536	26.584.894	14.340.875	24.985.416	2.551.660	1.599.479
Hækkun á sjóði og veltiinnlánum							
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun		(375.992)	221.804	(375.992)	221.804	0	0
Sjóður og veltiinnlán í árslok		864.334	642.530	864.334	642.530	0	0
		488.342	864.334	488.342	864.334	0	0

Tryggingadeild

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2005

	Skýringar	2005	2004
Iðgjöld	1		
Iðgjöld sjóðfélaga		704.069.642	692.199.264
Iðgjöld launagreiðenda		1.293.913.410	1.037.113.122
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(329.536)	42.170
<i>Iðgjöld</i>		<u>1.997.653.516</u>	<u>1.729.354.556</u>
Lífeyrir	2		
Lífeyrir		1.255.631.030	1.137.654.841
Umsjónarnefnd eftirlauna		(11.987.528)	(13.824.516)
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		5.543.429	4.112.533
<i>Lífeyrir</i>		<u>1.249.186.931</u>	<u>1.127.942.858</u>
Fjárfestingartekjur	3		
Tekjur af eignarhlutum		4.481.487.888	3.293.145.021
Tekjur húseignum og lóðum		407.752	198.675
Vaxtatekjur og gengismunur		2.788.251.295	1.537.632.370
Breytingar á niðurfærslu		(25.771.149)	(7.089.879)
Aðrar fjárfestingartekjur	13	13.281.613	940.038.604
		<u>7.257.657.399</u>	<u>5.763.924.791</u>
Fjárfestingagjöld	4		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		29.463.690	27.017.293
Rekstrarkostnaður	5		
Laun og launatengd gjöld		24.656.179	23.465.526
Annar rekstrarkostnaður		31.205.977	29.757.586
		<u>55.862.156</u>	<u>53.223.112</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu		7.920.798.138	6.285.096.084
Hrein eign frá fyrra ári		37.983.696.219	31.698.600.135
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u><u>45.904.494.357</u></u>	<u><u>37.983.696.219</u></u>

Tryggingadeild

Efnahagsreikningur 31. desember 2005

	Skýringar	2005	2004
Eignir			
Fjárfestingar	6		
Húseignir og lóðir		75.200.000	76.800.000
		<u>75.200.000</u>	<u>76.800.000</u>
Aðrar fjárfestingar			
Verðbréf með breytilegum tekjum	7	20.710.821.657	15.234.410.093
Verðbréf með föstum tekjum	8	23.263.570.335	18.953.049.693
Veðlán	8	785.650.981	1.250.290.693
Bankainnstæður		764.938.143	904.782.604
Aðrar fjárfestingar	9		467.840.159
		<u>45.524.981.116</u>	<u>36.810.373.242</u>
Fjárfestingar alls		45.600.181.116	36.887.173.242
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur		227.511.323	248.044.656
Aðrar kröfur		7.250.792	17.490.371
Milli deilda		(2.465.707)	(1.777.312)
		<u>232.296.408</u>	<u>263.757.715</u>
Aðrar eignir			
Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir	6	4.850.648	4.125.301
Sjóður og veltiinnlán		488.341.677	864.334.107
		<u>493.192.325</u>	<u>868.459.408</u>
Eignir alls		46.325.669.849	38.019.390.365
Skuldir	10		
Skuldir við lánastofnanir		335.209.724	0
Aðrar skuldir		85.965.768	35.694.147
		<u>421.175.492</u>	<u>35.694.147</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>45.904.494.357</u>	<u>37.983.696.219</u>

Tryggingadeild

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2005

	Skýringar	2005	2004
Inngreiðslur	11,12		
